

Hafnarfirði, 6. október 2020

### **Efni: áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns.**

Umhverfisstofnun í samstarfi við Garðabæ og Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa, sem er landeigandi, kynnir hér með áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns í Garðabæ. Framlagt er erindi ásamt korti sem sýnir hvar umrætt svæði liggur.

Í sjálfu sér er það ánægjulegt þegar sveitarfélög hafa áform um friðun náttúruminja og heillegar hraunmyndanir innan sinna marka, en það þarf að horfa á málið í stærra samhengi.

Í birtu og staðfestu svæðisskipulagi 2015 – 2040 fyrir höfuðborgarsvæðið kemur fram í kafla 2.4 um *markmið* að meginstofnvegir tryggja greiða og örugga umferð fólks og vöru. Þar kemur einnig fram að sveitarfélögin þurfi að taka frá rými í sínum skipulagsáætlunum fyrir mögulegar tilfærslur þessara meginstofnvega og þar er m.a. annað talað um tengingu Reykjanesbrautar ofan byggðar á sunnanverðu höfuðborgarsvæðinu.

Á korti 4 á bls. 49 í svæðisskipulaginu eru sýndir þeir stofnvegir sem eru í grunnneti samgangna skv. samgönguáætlun 2011-2022 og skiptingu þeirra í meginstofnvegi og stofngötur. Nánari lega þeirra er ákveðin í aðalskipulagi sveitarfélaga, í samstarfi við Vegagerðina. Ofanbyggðavegurinn er ekki sýndur á því korti en í skýringartexta undir kortinu segir:

*Kortið sýnir þá stofnvegi sem eru í grunnneti samgangna skv. samgönguáætlun 2011-2022 og skiptingu þeirra í meginstofnvegi og stofngötur. Nánari lega þeirra er ákveðin í aðalskipulagi sveitarfélaga, í samstarfi við Vegagerðina. Til stofnvega flokkast einnig eftirtaldir vegir sem eru í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga: Sundabraut og Ofanbyggðarvegur sem meginstofnvegir og Öskjuhlíðagöng sem stofngata.*

Það má því túlka það þannig að gert sé ráð fyrir ofanbyggðavegi í gildandi svæðisskipulagi og í endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar er gert ráð fyrir þessum vegi sem megingtengingu.

Við fyrirhugaða friðlýsingu þarf að huga að þessum meginstofnleiðum og hvernig friðlýsingin muni rúmast innan þess ramma sem fram kemur í svæðisskipulaginu.

Skv. framansögðu óskar Hafnarfjarðarkaupstaður eftir frekara samráði og nánari upplýsingum um þessa friðlýsingu þar sem um stórt hagsmunamál er að ræða. Einnig áskilur bærinn sér rétt til að koma með nánari athugasemdir og ábendingar við frekari vinnslu þessa máls.

**Berglind Guðmundsdóttir**

landslagsarkitekt

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2